

## 3. gr.

Sjóðnum er ætlað að veita styrk til hvers konar líknar- og menningarstarfsemi, fyrst og fremst í sínum heimahögum, því næst í Rangárhéraði, og svo til styrktar lömuðum og fötluðum, trúboðsins í Konsó o. fl., er til greina kæmi á hverjum tíma.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa sóknarprestur Kirkjuhvolsprestakalls, hreppstjóri Djúpárhrepps og einhver afkomandi Hafliða og Guðrúnar í Búð, og skal sóknarprestur vera formaður sjóðsstjórnar.

Sjóðsstjórnin inni verk þetta af hendi án endurgjalds, en greiða skal þó útlagðan kostnað.

## 5. gr.

Sjóðsstjórnin semur reikninga sjóðsins árlega og leggur þá fram fyrir sýslufund Rangárvallasýslu til endurskoðunar og skulu þeir birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

## 6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Búð, 24. júlí 1972.

Hafliði Guðmundsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Ættarsjóð Magnúsar Kr. Gíslasonar á Vöglum í Skagafirði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. ágúst 1972.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Ættarsjóð Magnúsar Kr. Gíslasonar á Vöglum í Skagafirði.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Ættarsjóður Magnúsar Kr. Gíslasonar á Vöglum í Skagafirði.

Stofnandi sjóðsins er Magnús Kristján Gíslason, fæddur 31. marz 1897, bóndi á Vöglum í Akrahreppi í Skagafjarðarsýslu.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1 000 000.00 — ein milljón krónur —, sem þegar hafa verið lagðar á vöxtu í útibú Búnaðarbanka Íslands á Sauðárkróki.

## 2. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

Hann skal ávaxta í útibúi Búnaðarbanka Íslands á Sauðárkróki, en heimilt er stjórn sjóðsins að ávaxta hann, ef henni sýnist það hagstætt, í bankavaxtabréfum eða ríkistryggðum skuldabréfum að einhverju eða öllu leyti.

## 3. gr.

Vöxtum af höfuðstól sjóðsins skal varið til sonarbarna stofnandans og þeirra niðja þannig:

- 1) til styrktar menntunar í framhaldsskólum,
- 2) til styrktar vegna veikinda, fátæktar, slysa eða annarra óhappa, er fyrir kunna að koma,
- 3) til styrktar búnaðarframkvæmda á Vöglum, meðan einhver af ættingjum stofnandans hefir þar búsetu.

Skal styrkjum úr sjóðnum varið til sonarbarnanna sem jafnast í framangreindu skyni.

Til annarra afkomenda stofnanda skal varið fé í sama tilgangi, sem að ofan greinir, efir því sem sjóðsstjórnin telur þörf á.

Hlutaðeigandi ættingjar skulu sækja skriflega til sjóðsstjórnarinnar um styrk úr sjóðnum í framangreindum tilgangi hans.

#### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum, 2 þeirra kosnum af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu til 4 ára í senn, en sýslumaður Skagafjarðarsýslu skal vera sjálfkjörinni í stjórnina. Stjórnin skipar sjálf með sér verkum.

#### 5. gr.

Reikningar sjóðsins skulu árlega endurskoðaðir af endurskoðendum sýslu-sjóðsreikninga Skagafjarðarsýslu.

Skal birta reikninga sjóðsins með sýslufundargerðum.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Nemendasjóðs Menntaskólans á Akureyri 1972, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 25. ágúst 1972. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### Nemendasjóðs Menntaskólans á Akureyri 1972.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Nemendasjóður Menntaskólans á Akureyri og er arftaki Nemendasjóðs Möðruvallaskóla, sem stofnaður var á Möðruvöllum í Hörgárdal á Sumardaginn fyrsta 1890.

#### 2. gr.

Sjóðurinn er ætlaður til styrktar reglugæmum nemendum Menntaskólans á Akureyri.

#### 3. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlu skólameistara, og fer með hann eftir sömu almennum reglum og um aðra sjóði í vörzlu skólans.

#### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 7 menn. Skólameistari er sjálfkjörinn formaður, en auk hans eru í stjórn tveir kennarar, valdir af kennarafundi og fjórir nemendur kjörnir á ársfundi sjóðsins (sbr. 8. gr.).

#### 5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en hann er höfuðstóll sjóðsins, þegar skipulagsskrá þessi er sett, kr. 1 251 187.90 — ein milljón tvö hundruð fimmtíu og